

LESTUR
EFTIR
GEORG BRANDES.

[Niðurlag]

Spurningunni, hvað vér eignum að lesa, verður ekki svarað að fullu út af fyrir sig, en af henni sprettur önnur spurning:

Hvernig eignum við að lesa?

Ungar stúlkur hafa stundum það orðtak, að þær lesi sig sjálfar út úr bókunum. Þær lesa helzt eitthvað, sem sýnir þeim líkingu af þeirra eigin lífi og hugsunarháttum. Auðvitað getum við aldrei skilið neitt nema „gegnum“ okkur sjálfa. Þó er það ekki nauðsynlegt til að skilja bók, að við finnum okkur sjálfa í bókinni, heldur að komast í skilning um það, sem höfundurinn hefir viljað láta okkur vita með táknum þeim, sem persónurnar í bókinni mynda.

Gegnum bókina seilumst við inn í þá sál, sem hún á upp-tök sín í. Og þegar við fórum þessa leið á fund þess, sem hefir skrifað hana, langar okkur til að lesa meira eftir hann. Okkur segir svo hugur um, að samband hljóti að vera milli ýmislegs, sem hann hefir skrifað, og þegar við lesum það í samhengi, skiljum við það og hann sjálfan betur.

Tökum t.d. „Gengangere“ eftir Henrik Ibsen. Það er bók, sem ekki er hentug unglingsum, en hún er góð fyrir því. Þegar sú bók kom út, var hún nær í einu hljóði álitin ósiðsamleg bók. Næsta ritverk Ibsens, „En Folkefjende“, segir, eins og kunnugt er, frá því, hverju aðkasti baðlæknir í bæ einum varð að sæta, þegar hann lét það í ljós, að baðvatnið væri skaðvænt. Bæjar-menn vilja engar reglur setja um baðið, og þykir langtum of dýrt að gera við það, eins og læknirinn hafði lagt til, en ráðast á lækninn, eins og honum væri að kenna um pestnæmið en ekki baðinu. Þessi sjónleikur var einskonar lísing þess, hverjar við-tökur hið fyrnefnda rit hans, „Gengangere“, hefði fengið, og það verður betur skilið í sambandi við hið síðara rit.

Menn ættu helzt að lesa svo, að menn sjái sambandið milli